

Leirtjörn vestur Fornleifaskrá

Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lís Guðmundsdóttir




Reykjavík 2023

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 227

Leirtjörn vestur

Fornleifaskrá

Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lís Guðmundsdóttir



Reykjavík 2023

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 227

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Líska Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu:

Horft yfir deiliskipulagssvæðið til vesturs og austurs. Ljósmyndari Margrét Björk
Magnúsdóttir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 227

Reykjavík 2023

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	3
2. Saga svæðisins.....	4
2.1 Leirtjörn í landi Lambhaga og Úlfarsfells	4
3. Almennt um verndun menningarminja	7
4. Aðferð við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja	9
5. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar	10
5.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar.....	11
Lambhagi 259-24 Montezuma síðar nefnt Belvoir North	11
Lambhagi 259-25 Tientzin	12
Lambhagi 259-47 Braggi	13
Lambhagi 259-48 Braggi	15
Lambhagi 259-49 Braggi	16
Lambhagi 259-50 Braggi	17
Lambhagi 259-55 Lagnaskurðir	18
Lambhagi 259-56 Skotgröf	21
Lambhagi 259-57 Braggi	22
5.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar	23
5.2.1 Menningarmerkingar, tillögur	24
6. Heimildaskrá.....	25
Óprentaðar /Óútgefnar heimildir.....	25
Prentaðar / Útgefnar heimildir.....	25
Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar	26
Viðauki 1	27
Minjatafla	27
Minjakort	27

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa og yngri minja vegna deiliskipulagssvæðis sem er í suðvesturhlíðum Úlfarsfells vestan og norðan við núverandi Leirtjörn sem nefnt er „Leirtjörn vestur“, sjá afmörkun á mynd 1. Deiliskipulagið er hluti af svæði sem kallast „M28“, og er syðri hluti þess, sem telst uppbyggingarsvæði 101 í AR2040. Nær yfir 8,6 ha en allt M28 svæðið er 14,7 ha.¹ Skráningin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árábil gert fornleifaskráningar og fylgja þær ákvæðum um skráningu menningarminja sem er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „...ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.²

Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2822**. Skráð er eftir stöðlum og reglum Minjastofnunar. Vettvangsrannsókn fór fram í október 2022 og mars 2023. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskonnnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

September 2023

María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur


¹ Reykjavíkurborg. Umhverfis og skipulagssvið: *Leirtjörn vestur. Nýtt deiliskipulag*. Lýsing skipulagsverkefnis, dagsett 22. júní 2022.

² Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá skráningu minja á deiliskipulagssvæði sem nefnt er „Leirtjörn vestur“ og er í suðvesturhlíðum Úlfarsfells vestan og norðan við núverandi Leirtjörn, en stór hluti svæðisins var áður hluti af Leirtjörninni, þar er nú gert ráð fyrir íbúðabygging með möguleika á samfélagsþjónustu, sjá afmörkun á mynd 1.³ Skráningarsvæðið er að stórum hluta í vatnsstæði Leirtjarnarinnar, sléttlendi sem er á miðju deiliskipulagssvæðinu og liggur í tungu til norðausturs. Austan við er klettóttur hæðarhryggur, norðan við núverandi tjörn, en vestan við er aflíðandi halli upp að grjóthólum *Skyggni*. Gróðurfar á svæðinu er frekar rýrt, lágróður og grastorfur en lúpína sækir inná það. Svæðið hefur verið notað til útivistar eins og Úlfarsfell.

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla og eru fornleifar og yngri minjar skráðar undir jarðir eins og jarðaskipting var um 1847. Skipulagssvæðið sem hér er til umfjöllunar tilheyrði áður jörðunum *Lambhaga* (181178-259) og *Úlfarsá* (var áður *Kálfakot* 123799-258) og eru minjar skráðar undir þær.



Mynd 1. Myndin sýnir afmörkun deiliskipulagsins „Leirtjörn vestur“ með svartri brotalínu. Blá brotalína sýnir bakka Leirtjarnarinnar eins og þeir voru þegar loftmynd var tekin 1954 og jarðamörk Lambhaga og Úlfarsár (*Kálfakots*) eins og þau voru um 1703 gul lína.

Fornleifar á þessum jörðum hafa verið skráðar nokkrum sinnum áður. Jörðin Úlfarsá var fyrst skráð af Guðmundi Ólafssyni fornleifafræðingi á Þjóðminjasafni Íslands á árunum 1980-1982, sú skráning var síðar endurskoðuð vegna aðalskipulags Mosfellsbæjar um 2000 og gefin út 2006.⁴ Gunnar Bollason

³ Reykjavíkurborg. Umhverfis og skipulagssvið. *Leirtjörn vestur. Nýtt deiliskipulag*. Lýsing skipulagsverkefnis, dagsett 22. júní 2022.

⁴ Agnes Stefánsdóttir og fl.: *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands*, 2006.

skrifaði sögu beggja jarðanna árið 2001.⁵ Sólborg Una Pálsdóttir fornleifafræðingur skráði fornleifar og endurskrifaði sögu Úlfarsár árið 2004 en skýrslan var ekki gefin út.⁶ Ómar Smári Ármannsson fornleifafræðingur skráði fornleifar á Úlfarsá á námskeiði í fornleifaskráningu í Háskóla Íslands árið 2006 (óútgefið).⁷ Árið 2004 skráði Sólborg Una Pálsdóttir fornleifafræðingur Lambhagajörðina sem birtist í skýrslu *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*.⁸ Árið 2016 skráði Anna Lís Guðmundsdóttir fornleifar vegna deiliskipulags fyrir Kirkjugarð í Hrossadal.⁹ Árið 2017 birtist saga beggja jarðanna í fornleifa-skráningu vegna íbúðahverfis sunnan Skyggisbrautar í Úlfarsárdal.¹⁰

Minjastofnun Íslands úthlutaði deiliskráningunni verkefnanúmerinu **2822** sem var unnin eftir stöðlum og reglum stofnunarinnar og hefur landupplýsingagögnum verið skilað til stofnunarinnar. Um vettvangsskráningu sá Margrét Björk Magnúsdóttir í október 2022 og mars 2023. Farið var skipulega yfir allt skráningarsvæðið og gerð ítarleg leit að minjum að undangenginni heimildakönnun sem fólst í því að farið var yfir fyrri rannsóknir og heimildir sem varða svæðið, rýnt í örnefnalýsingar, gömul kort og loftmyndir. Þegar minjar fundust voru þær ljósmyndaðar og mældar upp með Trimble TDC150 og hnitsettar í ISN93. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Kort og ljósmyndir eru eftir skýrsluhöfunda nema annað sé tekið fram. Vísað er til heimilda eftir því sem við á.

2. Saga svæðisins

2.1 Leirtjörn í landi Lambhaga og Úlfarsfells

Leirtjörn er á mörkum jarðanna Lambhaga og Úlfarsár, austan við grjóthólinn *Skyggni* sem er efst á *Lambhagamelum*.¹¹ Leirtjörnin náði áður yfir stærra landsvæði en hún gerir nú, fyllt var upp að suðurhluta tjarnarinnar árið 2018. Í örnefnalýsingunum kemur fram að tjörnin hafi verið mikið leirflag á sumrum en tjörn á vetrum.¹²

Fyrri tíðar búskapur hefur ekki skilið eftir ummerki á eða við deiliskipulagssvæðið en suðaustan við er skráður einn minjastaður eftir heimildum, *akur* (258-44) sem var fyrirhugaður á tjarnarsvæðinu. Jón Kristjánsson prófessor í Reykjavík eignaðist jörðina Úlfarsá árið 1918 og lét þá þurrka upp tjörnina sem var 18 dagsláttur að stærð. Þar ætlaði hann, ef honum hefði enst aldur til, að sá í hana höfrum. Framkvæmdin hafði ekki varanleg áhrif á vatnasvæði tjarnarinnar því vatn virðist hafa safnast í hana aftur og var mikið vatn í henni á árunum 1975-84.¹³ Sunnan við svæðið eru skráðar tvær fornleifar eftir heimildum, gömul *gata* (259-35) sem lá að bænum Úlfarsfelli og landamerkið *Tvístéinar* (258-2) sem voru á merkjum en talið er að þeir hafi horfið við jarðrask á stríðsárunum.¹⁴

⁵ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Gagnasafn um fornleifar. Gunnar Bollason: „Stutt söguágrip nokkurra jarða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Tekið saman vegna fornminjaskráningar á Kjalarnesi og endurskoðunar fornminjaskrár Reykjavíkur“, 2000.

⁶ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Gagnasafn um fornleifar. Sólborg Una Pálsdóttir, 2004.

⁷ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Gagnasafn um fornleifar. Ómar Smári Ármannsson: *258- Úlfarsá / Kálfakot. Fornleifaskráning*, 2006.

⁸ Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*, 2004.

⁹ Anna Lís Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*, 2016.


¹⁰ Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*, 2017.

¹¹ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing nr. 123799-1, *Úlfarsá* og Lambhagi, og nr. 181178-3, *Lambhagi*. Athugasemdir Guðríðar Káradóttur og Guðmundar S. Guðmundssonar við handrit Ara Gíslasonar.

¹² Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing nr. 123799-2, *Úlfarsá*. Athugasemdir Sigurðar Guðnasonar við handrit Ara Gíslasonar.


¹³ Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*, 2017, bls. 28.

¹⁴ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsingar nr. 123799-1, *Úlfarsá Lambhagi*; og nr. 181178-2, *Lambhagi*. Athugasemdir og viðbætur.




Mynd 2. Samsett kort frá 1908 og 1909 sem sýnir staðsetningu bæja, slóða og vagnavega.¹⁵

Á tímum hersetunnar hafði herinn töluverð umsvif við Leirtjörn og á Lambhagamelum og um tíma voru þar þrjú herskálahverfi. *Belvoir* var á Lambhagamelum suðvestan við Leirtjörnina, *Tientzin* sunnan við og *Montezuma* var norðan og vestan við tjörnina. *Montezuma* rann síðar saman við *Belvoir* og var þá stundum nefnt *Belvoir North*, sjá mynd 5.¹⁶ Þegar Bandaríkjamenn tóku við hervörslu á Íslandi árið 1941 notuðu þeir orðið *Camp* á undan staðarheitum á herbúðum sínum ólíkt Bretum.¹⁷ Kampana má sjá á loftmynd og teikningu frá árinu 1942.¹⁸



Mynd 3. Kort breska hersins af svæðinu árið 1941.¹⁹



Mynd 4. Hluti af korti sem sýnir kampa við Leirtjörn á tímum hersetunnar.²⁰

Töluverð ummerki eru eftir herinn á svæðinu, vegir sem margir hverjir hafa verið notaðir áfram, ummerki eftir hús og bragga, grunnar og steypuleifar, niðurgroftur af ýmsu tagi, lagnaleiðir og skotgrafir. Ummerkin eru skráð sem herminjar.

¹⁵ Landsbókasafn Íslands. Háskólabókasafn. Íslandskort.is: Dönsku Herforingjaráðskortin: 27 Reykjavík N.A., Kaupmannahöfn 1909 og 37 N.V. Hengill – Mosfellsheiði. Kaupmannahöfn, 1909.


¹⁶ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 137.

¹⁷ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 53, 78, 137, 111.

¹⁸ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 111. Teikning: V.I. 5 FT. Belvoir&Tientzin campz. Date 8/18/42.

¹⁹ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Kortasafn. Kort af Reykjavík 1943 (hluti), merkt „Geographical Section, General Staff, no. 4186. From a map by 19th Field Survey Coy., R.E., 1941“. Gefið út af „War Office“ 1941.

²⁰ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 140.



Mynd 5. Samsett kort hersins af herskálahverfum við Leirtjörn og á Lambhagamelum „Belvoir & Tientzin Camps“ dagsett 18. ágúst 1942.²¹



Mynd 6. Horft til suðvesturs ofan af Úlfarsfelli. Leirtjörn er í forgrunni og Tientzin er fyrir miðju sunnan við tjörnina, Belvoir er til hægri við Tientzin á Lambhagamelum og Belvoir North, áður Montezuma, er norðan og vestan við tjörnina í hægra horninu.²²

Skammt norðvestan við deiliskipulagssvæðið, þar sem Montezuma var áður, var síðar hundaræktarþú (259-60) sem Carl Anton Carlsen, kallaður Carlsen minkabani, sá um á sjöunda og áttunda

²¹ Borgarsögusafn Reykjavíkur: Kortasafn.

²² Friðþór Eydal: *Heretan í Mosfellssveit og á Kjálarnesi 1940-1944*, bls. 111.

áratugnum.²³ Carlsen var starfsmaður landbúnaðarráðuneytisins sem ferðast um landið með hunda sína og vann að útrýmingu minksins.²⁴

3. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna: Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

²³ Ragnar Lárusson; „Carlsen sóttur heim“, *Alþýðublaðið*, bls. 8-9.

²⁴ *Reykvíkingur*, 20. júní 1952, bls. 5.

- b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

- a.** stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir,
- b.** kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhlíðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c.** brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalaus. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknnum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

4. Aðferð við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2023) eru um 4000 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi *landsnúmer* sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi *jarðarnúmer* fengið úr Jarðatali J. Johnsen frá 1847 og í þriðja lagi *númer fornleifar*, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu ásamt nafni jarðarinnar: *Lambhagi 259-1*.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.²⁵ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2822**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem felst í því að gengið er um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá útliti og staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra. Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sjáanlegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.²⁶

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar, sjá töflu 2. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára eða eldri í *rauðum flokki* og eru þær friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði, þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit. Í *gulum flokki* eru minjar sem teljast ekki til friðaðra fornleifa en verða friðaðar fornleifar á næstu árum. Í *grænum flokki* eru yngri minjar frá því eftir 1935. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit*. Þær eru frá árunum 1940-45 en sérstaklega er nú gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar á Reykjavíkursvæðinu.

Tafla 1. Aldursflokkun minja.


Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1924-1934	● Gulur
3	Minjar frá 1935 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

²⁵ Minjastofnun Íslands: Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Lög um menningarminjar, nr. 80/2012. Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019.

²⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Borgarvefsjá.

5. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

Hér á eftir er greint frá minjum á deiliskipulagssvæðinu sem nefnt er „Leirtjörn vestur“, vettvangsrannsókn fór fram í október 2022 og mars 2023. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.



Mynd 7. Fornleifakort fyrir deiliskipulagssvæðið Leirtjörn vestur og nágrenni. Deiliskipulagssvæðið er á gömlum vatnsbotni Leirtjarnar.

5.1 Skrá yfir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Lambhagi 259-24 Montezuma síðar nefnt Belvoir North

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-24	Montezuma , Belvoir North	Herskálahverfi	Herminjar	•1940	366665	406853			Slæmt	Nei

Staðhættir: Í suðvesturhlíðum *Úlfarsfells* við *Leirtjörn* og á *Lambhagamelum* voru á tímum hersetunnar þrjú herskálahverfi. **Tientzin** var sunnan við *Leirtjörn* með 78 bröggum og 5 öðrum byggingum, **Montezuma** var vestan og norðan við tjörnina, síðar nefnt **Belvoir North**, þegar það sameinaðist **Belvoir** árið 1942 sem var suðvestar á *Lambhagamelum*. Í *Montezuma* og *Belvoir* voru 266 braggar og 38 aðrar byggingar.²⁷ Sjá staðsetningu á mynd 3, 5 og 6.

Lýsing: Töluverð ummerki eru eftir veru hersins á svæðinu þar sem *Camp Montezuma* var, vegir sem margir eru enn í notkun, braggagrunnar, steypuleifar og ýmiskonar niðurgreftir, skotgrafir og lagnaskurðir.



Mynd 8. Horft til norðausturs að *Úlfarsfelli* yfir *Montezuma*, síðar *Belvoir North* sumarið 1941.²⁸

²⁷ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 53, 78, 137, 111.

²⁸ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls.79.

Lambhagi 259-25 Tientzin

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-25	Tientsin	Herskálahverfi	Herminjar	•1940	366682	406711			Slæmt	Nei

Staðhættir: Í suðvesturhlíðum *Úlfarsfells* við *Leirtjörn* og á *Lambhagamelum* voru á tímum hersetunnar þrjú herskálahverfi. **Tientzin** var sunnan við *Leirtjörn* með 78 bröggum og 5 öðrum byggingum, **Montezuma** var vestan og norðan við tjörnina, síðar nefnt **Belvoir North**, þegar það rann saman við **Belvoir** árið 1942 sem var suðvestar á *Lambhagamelum*. Í *Montezuma* og *Belvoir* voru 266 braggar og 38 aðrar byggingar.²⁹ Sjá staðsetningu á mynd 3, 5 og 6.

Lýsing: Allnokkur ummerki eru enn eftir veru hersins á hluta af svæðinu þar sem Tientzin var norðan við *Skyggnistorg*, en stór hluti er nú kominn undir íbúðabyggð.³⁰



Mynd 9. Horft til norðausturs að *Leirtjörn* yfir hluta af því landsvæði sem Tientzin náði yfir og þar sem enn eru greinileg ummerki eftir kampinn.

²⁹ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 53, 78, 137, 111.

³⁰ Anna Lía Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*, 2017, bls. 30-34.

Lambhagi 259-47 Braggi


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-47	Tientzin	Grunnur, arinn	Steinsteypa	•1940	366626	406717	23	12	Slæmt	Nei

Staðhættir: Vestan við Leirtjörn í Úlfarsárdal um 30 m norðvestur af Skyggnistorgi eru greinanlegar leifar af bröggum, sem tilheyrðu braggahverfinu *Tientzin* (259-25). Á loftmynd og teikningu frá árinu 1942 má sjá að þarna hafa verið fjórir samsíða braggar sem hafa legið norðvestur suðaustur.³¹ Um 30 m austan við eru leifar af öðrum bröggum (259-48). Er á lúpínuvöxnu svæði sem hallar til austurs að Leirtjörn.

Lýsing: Steyptir braggabotnar og um 2 m austan við er heillegur arinn sem liggur á hlið, hlaðinn úr ávölum steinum í svipaðri stærð. Svæðið er nánast komið á kaf í lúpínu og grunnurinn er gróinn og arinninn er mosagróinn.



Mynd 10. Steypt plata á braggagrunni (259-47) sem gæti hafa verið hluti af gafli, horft til vesturs.



Mynd 11. Ummál á greinilegum ummerkjum (heil lína) braggagrunnar, steypt plata og arinn austan við (259-47) teiknað eftir uppmælingu og eftir loftmynd (brotalína).³²



Mynd 12. Horft til suðvesturs yfir grónar gólfplötur (259-47).

³¹ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 111. Teikning: V.I. 5 FT. Belvoir&Tientzin campz. Date 8/18/42.

³² Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir 1954 og síðar. Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, Ljósmynd á bls. 111.



Mynd 13. Heillegur steinhlaðinn arinn (259-47) úr ávölum álíka stórum steinum, horft til suðvesturs að braggabotnunum.



Mynd 14. Steinlagður arinn (259-47), horft til norðurs að Úlfarsfelli.

Lambhagi 259-48 Braggi


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-48	Tientzin	Grunnur, braggi	Steinsteypa	•1940	366673	406729			Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Vestan við Leirtjörn í Úlfarsárdal um 40 m norðan við Skyggnistorg og um 27 m norðan við götuna Gæfútjörn eru greinanlegar leifar af bröggum sem tilheyrðu braggahverfinu *Tientzin* (259-25). Á loftmynd og teikningu frá árinu 1942 má sjá að þarna hafa verið fjórir samsíða braggar sem hafa legið norður suður.³³ Um 30 m vestan við eru steypuleifar eftir bragga og steinlagðan arinn (259-47). Er á lúpínuvöxnu svæði sem hallar til austurs að Leirtjörn.

Lýsing: Leifar af steypum braggabotnum sem hafa tilheyrt fjórum samsíða bröggum sem lágu í norður suður. Svæðið er nánast komið á kaf í lúpínu og gólfplötur eru mosa- og grasigrónar.



Mynd 15. Braggabotn (259-48), horft til norðurs.



Mynd 16. Braggabotnar (259-48), ummál á greinanlegum ummerkjum teiknað eftir uppmælingu (heil lína) og eftir loftmynd (blá brotalína).³⁴



Mynd 17. Horft til suðurs að Skyggnisbraut 1 eftir braggabotni (259-48).

³³ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 111. Teikning: V.I. 5 FT. Belvoir&Tientzin campz. Date 8/18/42.

³⁴ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir 1954 og síðar. Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, Ljósmynd á bls. 111.

Lambhagi 259-49 Braggi


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-49	Tientzin	Grunnur, braggi	Steinsteypa	•1940	366708	406759	15	7	Slæmt	Nei

Staðhættir: Vestan við Leirtjörn í Úlfarsárdal um 80 m norðaustan við Skyggnistorg og um 40 m norðan við götuna Gæfutjörn eru ummerki og leifar af bröggum sem tilheyrðu braggahverfinu *Tientzin* (259-25). Á loftmynd og teikningu frá árinu 1942 má sjá að þarna hafa verið fjórir samsíða braggar sem hafa legið norðvestur suðaustur.³⁵ Er á lúpínuvöxnu svæði sem hallar til austurs að Leirtjörn og um 30 m suðvestan við eru leifar af öðrum bröggum (259-48).

Lýsing: Greinanlegar leifar eftir braggagrunn og steypuleifar sem eru mosa- og grasigrónar. Í grunninum eru leifar af járntunnu. Svæðið er nánast komið á kaf í lúpínu.



Mynd 18. Horft til suðausturs yfir steypuleifar á braggagrunni (259-49).



Mynd 19. Braggagrunnur (259-49), greinanleg ummerki teiknuð eftir uppmælingu (heil lína) og eftir loftmynd (brotalína).³⁶



Mynd 20. Steypuleifar í braggagrunni (259-49), horft til norðurs.

³⁵ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 111. Teikning: V.I. 5 FT. Belvoir&Tientzin campz. Date 8/18/42.

³⁶ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir 1954 og síðar. Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, Ljósmynd á bls. 111.

Lambhagi 259-50 Braggi


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-50	Montezuma, Belvoir North	Grunnur, braggi	Steinsteypa	•1940	366634	406817	12,5	6,4	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Vestan við Leirtjörn í Úlfarsárdal um 100 m austan við grjóthólinn Skyggni og um 140 m norðan við Skyggnistorg eru ummerki og leifar af tveimur, af þremur mannvirkjum, sem tilheyrðu braggahverfinu *Montezuma* (259-24) sem var þarna á tímum hersetunnar og sjá má á loftmynd og teikningu frá árinu 1942.³⁷ Eru neðan við veg á grastorfu sem hallar til austurs að Leirtjörn, við endann á syðstu lagnaleiðinni (259-55), einni af þremur skurðum sem liggja að Leirtjörn, en þeir eru allir á sama númeri.

Lýsing: Ummerki og steypuleifar eftir tvo grunna af þremur mannvirkjum. Svæðið er grasi og lyngi vaxið og ummerki eftir mannvirki sem var sunnan við eru horfin í lúpínu.



Mynd 21. Steypuleifar (259-50) á nyrðri grunni, horft til suðvesturs.



Mynd 22. Leifar braggagrunna (259-50) teiknaðir eftir uppmælingu (heil lína) og eftir loftmynd (brotalína) og teikningu.³⁸



Mynd 23. Horft yfir syðri grunninn (259-50) greinanlega grunninn til austurs.

³⁷ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 111. Teikning: V.I. 5 FT. Belvoir&Tientzin campz. Date 8/18/42.

³⁸ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir 1954 og síðar. Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, ljósmynd á bls. 111.


Lambhagi 259-55 Lagnaskurðir

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-55	Montezuma Belvoir North;	Skurður, óþ. notk.	Niðurgröftur	•1940	366761	406846			Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Norðvestan við Leirtjörn í Úlfarsárdal norðaustan við grjóthólinn Skyggni eru þrír lagnaskurðir sem lágu frá braggahverfinu *Montezuma* (259-24) að Leirtjörn og sjá má á ljósmyndum og loftmyndum frá árinu 1942 og síðar.³⁹ Skurðirnir þrír eru skráðir á sama númer. Norðar er annar skurður (259-61) sem liggur sunnan með veginum, sem liggur í lykkju um svæðið, til norðausturs og beygir síðan til suðurs að tjörninni.

Lýsing: Niðurgröftur, þrír lagnaskurðir frekar grunnir en vel greinanlegir liggja frá þremur stöðum þar sem áður var *Camp Montezuma* að Leirtjörn. Sá syðsti lá frá mannvirki þar sem eru leifar af grunnir (259-50), næsti norðan við, sá í miðjunni, lá frá mannvirkjum þar sem eru steypuleifar (259-57) en sá nyrsti lá frá vegi sem liggur í lykkju á svæðinu og virðist hafa legið undir hann, sá er gryninstur og ógreinilegastur en er greinilegur á gróðri. Syðsti og sá í miðjunni sameinast á vesturbakka Leirtjarnarinnar í eina lögn sem lá síðan til suðausturs yfir þvera tjörnina að affalli hennar, þar sem nú er gatan Gæfutjörn á mótis við hús nr. 22, en sá nyrsti sameinaðist þeirri lögn 90 m frá vesturbakkanum.

Syðsti niðurgröfturinn skurðurinn er vel greinilegur við grunn (259-50) og áfram til austurs 50-80 cm á breidd og 40-60 cm á dýpt en er ógreinilegur niður við tjörnina. Miðju skurðurinn er greinilegastur, hefur verið notaður áfram sem gönguleið 40-80 cm á breidd og um 40 cm á dýpt. Nyrsta lagnaleiðin er um 10-20 cm á breidd og 10-20 cm á dýpt, á tveimur stöðum á henni er ferkantaður niðurgröftur um 70x80 cm og um 60 cm á dýpt. Við endann á nyrstu lögninni hefur verið niðurgröftur sem er greinilegur á loftmynd frá 1942 og enn má greina ummerki eftir uppmokstur þar.



Mynd 24. Þrjár lagnaleiðir (259-55) sem lágu frá kampinum að bakka Leirtjarnarinnar tvær sameinuðust í eina sem lá áfram til suðausturs að affalli en sú nyrsta sameinaðist henni um 90 m frá bakkanum.

³⁹ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, Ljósmynd á bls. 111. Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir 1954 og síðar.



Mynd 25. Syðsti niðurgröfturinn af þremur (259-55), horft til norðausturs að Leirtjörn og Úlfarsfelli.



Mynd 26. Syðsti niðurgröfturinn af þremur (259-55), horft til vesturs að grunnni (259-50), hólinn Skyggni ber við himin.



Mynd 27. Miðju lagnaleiðin (259-55), horft til suðausturs að Leirtjörn.



Mynd 28. Miðju lagnaleiðin (259-55), horft til norðvesturs að minjasvæði (259-57).



Mynd 29. Nyrsta lagnaleiðin (259-55), horft frá gamla herveginum til suðausturs að Leirtjörn.



Mynd 30. Nyrsta lagnaleiðin (259-55), horft til norðvesturs yfir syðri niðurgröftinn á leiðinni að veginum.



Mynd 31. Ummerki eftir uppmokstur við niðurgröft við endann á nyrstu langaleiðinni af þremur (259-55).

Lambhagi 259-56 Skotgröf


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-56	Montezuma Belvoir North;	Skotgröf	Niðurgröftur	•1940	366718	406922	100	0,5	Slæmt	Nei

Staðhættir: Norðvestan við Leirtjörn í Úlfarsárdal og 200 m norður af Skyggnistorgi er langur niðurgröftur á grastorfu á svæði sem tilheyrði braggahverfinu *Montezuma* (259-24) og sjá má á loftmyndum.⁴⁰ Sennilega skotgröf.

Lýsing: Niðurgröftur sem liggur norðaustur suðvestur, 100 m á lengd og um 0,50 m á breidd og um 0,6 m á dýpt, með nokkrum þverskurðum sem eru um 6 m á lengd. Vel greinilegur mosa- og grasigróinn. Um 25 m suðaustan við er W laga niðurgröftur í jaðrinum á torfunni um 75 m á lengd sem liggur eins, en ekki eins greinilegur og er á sama númeri sem og óljós skurður norðan við.



Mynd 32. Niðurgröftur (259-56), skotgröf, horft til suðvesturs að grjóthólnum Skyggni.



Mynd 33. Niðurgröftur (259-56), teiknað eftir uppmælingu (heil lína) og loftmynd (brotalína).⁴¹



Mynd 34. Horft til norðausturs yfir skotgröf, niðurgröft (259-56) að Úlfarsfelli.

⁴⁰ Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 111; Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmyndir 1954 og síðar.

⁴¹ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Loftmynd 1954 og 2022.

Lambhagi 259-57 Braggi


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-57	Montezuma Belvoir North;	Braggi	Steinsteypa	•1940	366648	406881			Slæmt	Nei

Staðhættir: Norðvestan við Leirtjörn í Úlfarsárdal, 120 m norðaustan við grjóthólinn Skyggni og um 170 m norðan við Skyggnistorg eru steypuleifar eftir grunna mannvirkja sem tilheyrðu braggahverfinu *Montezuma* (259-24) á tímum hersetunnar og sjást á loftmynd og teikningu frá 1942.⁴²

Lýsing: Steypubrot eru um allt svæðið og útlínur mannvirkja eru greinilegar að sunnanverðu en ógreinilegri að norðan. Svæðið er mosa- og grasigróið og þar vaxa nokkrar trjáhríslur.



Mynd 35. Horft til suðausturs yfir steypuleifar (259-57) að íbúabyggð við Leirtjörn.



Mynd 36. Ummál steypuleifa (259-57).



Mynd 37. Horft til suðurs yfir svæði þar sem mannvirki stóðu á tímum hersetunnar, steypuleifar (259-57).

⁴² Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*, bls. 111. Teikning: V.I. 5 FT. Belvoir&Tientzin campz. Date 8/18/42.

5.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Gróðurfar á svæðinu við Leirtjörn er frekar rýrt og hefur sennilega ekki verið nýtt á árum áður nema til beitar. Enginn byggð var á svæðinu fyrr en breski herinn kom og setti upp þrjú herskálhverfi á Lambhagamel og við Leirtjörn. Enn má greina töluverð ummerki eftir veru hersins á þessu svæðum eins og leifar eftir bragga, lagnir, vegi og skotgrafir ýmiskonar.

Á deiliskipulagssvæðinu eru engar skráðar fornleifar en níu herminjar, en á þessu svæði voru áður tugir herminja sem eru horfnar.


Tafla 2. Aldursflokkun og fjöldi skráðra minja á deiliskipulagssvæðinu.

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks	Skráðar minjar
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður	
2	Minjar frá 1923-1933	● Gulur	
3	Minjar frá 1934 og yngri	● Grænn	
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	9
	Samtals		9

Af níu minjastöðum sem hér eru skráðir, er lagt til að arinn og braggagólf nr. 259-47 verði *hverfisverndað* og að *sérstaklega verði tekið tillit til þess í skipulagi*. Þessi minjastaður inniheldur hluta af steypu braggagólfi og austan við er heillegur arinn sem hefur líklega verið í bragganum en verið ýtt út þegar bragginn var rifinn og liggur þar enn, um þessar minjar er dregið upp 15 m verndarsvæði minja, sjá mynd 39. Hreinsa þarf umhverfi þess og setja upp fræðsluskilti sem segir frá herminjum í Úlfarsárdal.



Mynd 38. Heillegur steinhlaðinn arinn (259-47) úr ávölum álíka stórum steinum, sem lagt er til að verði hverfisverndaður.



Mynd 39. Afmörkun hverfisverndar við minjar 259-47.

Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram er það engin trygging fyrir því að ekki séu áður óþekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.

5.2.1 Menningarmerkingar, tillögur

- Lagt er til að á staðnum þar sem braggaleifar 259-47 eru, verði settar upp menningarmerkingar og sagt frá braggahverfunum og lífi hermanna á við Leirtjörn og Lambhagamelum.
- Upp á hólnum Skyggni er hægt að setja upp menningarmerkingar, þar væri hægt að segja frá örnefnum, bújörðunum tveimur, Lambhaga og Úlfarsá og hvernig svæðið hefur þróast í gegnum tíðina.

6. Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Bréfasafn.

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík:

Gunnar Bollason: „Stutt söguágrip nokkurra jarða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Tekið saman vegna fornminjaskráningar á Kjalarnesi og endurskoðunar fornminjaskrár Reykjavíkur“. Óútgefið handrit. Reykjavík 1999.

Lambhagi.

Sólborg Una Pálsdóttir, 2004.

Úlfarsá.

Ómar Smári Ármannsson: 258- *Úlfarsá / Kálfakot. Fornleifaskráning*. Óútgefið verkefni á námskeiðinu Fornleifarannsókn á vettvangi I. Háskóla Íslands. 2006.

Kortasafn.

Ýmis kort og uppdrættir.

Rafræn gögn.

Ljósmyndir teknar við vettvangskonun.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndir úr safneign.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum örnefnalýsingar á sarpur.is

Örnefnalýsing nr. 123799-1 *Úlfarsá og Lambhagi*.

Örnefnalýsing nr. 181178-2 *Lambhagi*. Athugasemdir og viðbætur Sigurðar Guðnasonar við handrit Ara Gíslasonar.

Örnefnalýsing nr. 181178-3 *Lambhagi*. Athugasemdir og viðbætur Guðríðar Káradóttur og Guðmundar S. Guðmundssonar við handrit Ara Gíslasonar.

Örnefnalýsing nr. 123799-2 *Úlfarsá*. Athugasemdir Sigurðar Guðnasonar við handrit Ara Gíslasonar.

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Agnes Stefánsdóttir og fl.: *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2006/2. Reykjavík 2006.

Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla 187. Reykjavík 2017.

Anna Lís Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell*. Fornleifaskráning. Borgarsögusafn Reykjavíkur, skýrsla nr. 174. Reykjavík 2016.

Friðþór Eydal: *Hersetan í Mosfellssveit og á Kjalarnesi 1940-1944*. Sögufélag Kjalarnesþings, 2022.

Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

Ragnar Lárusson. „Carlsen sóttur heim“, í *Alþýðublaðið*, 4. október 1963.

Reykjavíkurborg. Umhverfis og skipulagssvið: *Leirtjörn vestur. Nýtt deiliskipulag*. Lýsing skipulagsverkefnis, dagsett 22. júní 2022.

Reykvíkingur, 20. júní 1952.

Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík*. Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, skýrsla 112. Reykjavík 2004.



Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar

Minjastofnun Íslands: <https://www.minjastofnun.is/>

-Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

-Skráningarstaðlar fornleifa, 2013.

Landsbókasafn Íslands. Háskólabókasafn:

Íslandskort.is: <https://islandskort.is/>

Dönsku Herforingjaráðskortin:

27 Reykjavík N.A., Kaupmannahöfn 1909.

37 N.V. Hengill – Mosfellsheiði. Kaupmannahöfn, 1909

Landmælingar Íslands. Loftmyndasafn: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Reykjavíkurborg:

Borgarsögusafn Reykjavíkur: <https://borgarsogusafn.is/>

Útgáfa skýrslur: <https://borgarsogusafn.is/utgafa/skyrslur-nytt>

Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>


Skjalasafn Reykjavíkurborgar: <https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/>

Viðauki 1

Minjatafla

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
259-24	Camp Belvoir; Montezuma	Braggahverfi	Heimild	1940	366665	406853			Slæmt	Nei
259-25	Camp Tientsin	Braggahverfi	Heimild	1940	366682	406711			Slæmt	Nei
259-47	Camp Tientsin	Grunnur, byggingar, arinn, braggi	Steinsteypa	1940	366626	406717	23	12	Slæmt	Nei
259-48	Camp Tientsin	Grunnur, byggingar, braggi	Steinsteypa	1940	366673	406729			Sæmilegt	Nei
259-49	Camp Tientsin	Grunnur, byggingar, braggi	Steinsteypa	1940	366708	406759	15	7	Slæmt	Nei
259-50	Camp Belvoir; Montezuma	Grunnur, byggingar, braggi	Steinsteypa	1940	366634	406817	12,5	6,4	Sæmilegt	Nei
259-55	Camp Belvoir; Montezuma	Skurður, óp. notk.	Niðurgröftur	1940	366761	406846			Sæmilegt	Nei
259-56	Camp Belvoir; Montezuma	Skotgröf	Niðurgröftur	1940	366718	406922	100	0,5	Slæmt	Nei
259-57	Camp Belvoir; Montezuma	Braggi	Steinsteypa	1940	366648	406881			Slæmt	Nei

Minjakort



Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjálarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Sofía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædis Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lís Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellíðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 205 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.
- 210 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 212 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Ártúnshöfði. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020*. Rvk. 2021.
- 214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 215 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu*. Rvk. 2021.
- 216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.
- 217 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rauðhólar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 218 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Sörlaskjól. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 219 Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Arnadóttir, Gavin Lucas, Sigþór Bjarmi Geirsson, Torbjörn Brorsson: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021*. Rvk. 2022.
- 220 Salvör Jónsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Stúdentagarðar við Eggertsgötu. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 221 Alma Sigurðardóttir: *KR-svæðið – Frostaskjól 2-6. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 222 Salvör Jónsdóttir: *Keldur og Keldnaholt. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 223 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 224 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskrá. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 225 Sólrún Inga Traustadóttir, Daníel Freyr Ívarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022*. Rvk. 2023.
- 226 Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir: *Bensinstöðvar á uppbyggingarlóðum. Húsakönnun*. Rvk. 2023.